

30
4. júní

LÖG

um

kosningar í bæjarmálefnum Reykjavíkur.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Kosningarrjett við bæjarstjórnar- og borgarstjórakosningar, svo og við kosningu nefnda eða opinberra starfsmanna, er vinna í bæjarins þarfir og kjósa ber með almennum kosningum, hafa allir bæjarbúar, konur og karlar, sem eru 25 ára eða eldri og hafa átt lögheimili í bænum í eitt ár, þegar kosning fer fram, og fullnægja að öðru leyti skilyrðum fyrir kosningarrjetti til Alþingis.

Kjörgengur er sá, er kosningarrjett hefir. Þó mega hjón aldrei sitja samtímis í bæjarstjórn, eigi heldur foreldrar og börn nje móðurforeldrar eða föðurforeldrar og barnabörn þeirra. Heimilt er konu jafnan að skorast undan kosningu.

2. gr.

Kjörskrá sú og aukakjörskrá, sem árlega eru samdar yfir kjósendur til Alþingis, skulu og gilda fyrir kosningar í bæjarmálefnum fyrir sama tímabil og til alþingiskosninga.

3. gr.

Þegar kosning á fram að fara, skal borgarstjóri auglýsa dag, stað og stundu með 6 vikna fyrirvara og samtímis leggja fram eftirrit af gildandi kjörskrá.

4. gr.

Kosningu stýrir kjörstjórn, og er í henni borgarstjóri, sem er oddviti kjörstjórnar, og tveir bæjarfulltrúar, sem bæjarstjórnin kýs. Auk þess skal bæj-

arstjórnin kjósa tvo bæjarfulltrúa til vara í kjörstjórnina, og tekur varamaður sæti í kjörstjórninni í forföllum þess aðalmanns, sem kosinn er á sama lista. Við borgarstjórakosningu og í forföllum borgarstjóra skal forseti bæjarstjórnar, eða varaforseti í forföllum hans, gegna störfum oddvita. 30
4. júní

5. gr.

Listaður þá, sem kjósa skal um, skal afhenda oddvita kjörstjórnar ekki síðar en á hádegi 20 dögum á undan kosningu. Við aukakosningar getur bæjarstjórn stýtt þennan frest um helming.

6. gr.

Kjósendur, sem ekki geta verið viðstaddir á kjördegi, geta neytt atkvæðisrjettar síns á skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík og á skipum frá Reykjavík, eftir sömu reglum og gilda við kosningar til Alþingis, þegar eins stendur á.

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 49, 30. júlí 1909, að því er Reykjavík snertir, og 7. og 8. gr. í tilskipun 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 4. júní 1924.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.